



# Safnaðarblað Akureyrarkirkju

## Fermingarskólinn á Vestmannsvatni

Dagana 16.-19. ágúst sóttu tilvonandi fermingarbörn Akureyrarkirkju fermingarskóla á Vestmannsvatni. Mjög góð þátttaka var í skólanum.

Um hundrað börn fóru austur í þemur hópum. Fermingarbörn úr Laufásprestakalli voru með í þeim síðasta. Fermingarskólinn gekk með

eindæmum vel. Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir er forstöðumaður skólans. Þar var boðið upp á fræðslu og skemmtun, farið var í gönguferðir og siglt á bátum á vatninu. Veðrið lék við nemendur skólans og hin fagra náttúra við vatnið sýndi á sér sínar bestu hliðar.



Úti á báti.

Mynd: Svavar A. Jónsson.



Fermingarskólinn gekk með eindæmum vel.

Mynd: Svavar A. Jónsson.

## Leikfélagið Adrenalín

Í vetur ætlum við okkur stóra hluti í unglíngastarfi kirkjunnar og þegar við ætlum okkur stóra hluti í lífinu þá er oft heillavænlegt að vera í samstarfi við þá sem hafa sömu markmið með störfum sínum. Þess vegna verður Adrenalínið í vetur í samstarfi við grunnskóla bæjarins og leikfélag Akureyrar.

Við ætlum að setja upp söngleikinn Jesus Christ Superstar og frumsýna á Æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar þann 4. mars 2012. Verkefnið er opið nemendum í 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna, æfingar fara fram í Rósenborg og umsjónarmenn ásamt leikstjóra eru séra Hildur Eir Bolladóttir, Hlín Bolladóttir kennari í Oddeyrarskóla

og Sunna Dóra Möller æskulýðsfulltrúi í Akureyrarkirkju. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Hildi Eir í síma 863 1504 eða skrifa á netfangið [hildur@akirkja.is](mailto:hildur@akirkja.is).

Einnig þiggjum við öll fjárframlög sem bjóðast enda verkefnið metnaðarfullt og áhugi unglínganna lætur ekki á sér standa, fjölmargir hafa nú þegar skráð sig til leiks, eða til leikmyndagerðar, förðunar, búningahönnunar og fleira, fyrsti undirbúningsfundur verður haldinn í Rósenborg mánudaginn 12. sept kl 14:30. Hvetjum börnin okkar til að efla og þroska sköpunarkraftinn og hæfileikana góðu.

## Listvinafélagið endurvakið

Lítill starfsemi hefur verið í Listvinafélagi Akureyrarkirkju undanfarin ár. En nú hyggjast organistar kirkjunnar blása lífi í félagið til að efla enn frekar öflugt listalíf við kirkjuna. Listvinafélagið mun áfram standa að Kirkjulistaviku á tveggja ára fresti og Sumartónleikum í Akureyrarkirkju.

Stefnt er að því að félagið standi að fjölbreyttu tónleikahaldi, myndlistarsýningum, fyrirlesturum og námskeiðum í kirkjunni. Listvinir munu reglulega fá fréttabréf um listastarfið í kirkjunni. Einnig munu þeir fá afslátt á flesta viðburði og frátekin sæti á góðum stað á tónleikum.

Fyrsti fundur félagsins í langan tíma verður haldinn í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju sunnudaginn 2. október kl. 20.00. Áhugasamir sendi organistum tölvupóst á netfangið [organistar@akirkja.is](mailto:organistar@akirkja.is)

**Kórastafið í Akureyrarkirkju**  
Stúlknakórinn hefur hafið vetrarstarfið og lofar byrjunin góðu. Kórinn hefur stækkað nokkuð og er framtíðin björt, þökk sé gríðarlega öflugum barnakórastarfi, en stúlkur úr barnakórnum skila sér flestar upp í stúlknakórinn.

Fyrsta verkefni vetrarins er að æfa afríska efnisskrá sem verður flutt í kirkjunni sunnudaginn 13. nóvember. Æfingabúðir verða í vetur sem og vortónleikar í maí.

Enn er möguleiki á að ganga í kórinn, en hann er skipaður stelpum á aldrinum 13-16 ára. Stjórnandi kórsins er Eyþór Ingi Jónsson.

### Kammerkórinn Ísold

Kórinn hélt gríðarlega vel heppnaða tónleika í Hofi í maí sl. þar sem 500

manns hlustuðu á rokktónlist í flutningi kórsins og hljómsveitar. Nú í haust verður það efni tekið upp og gefið út á plötu í framhaldinu. Ísold mun að hluta til flytja starfsemi sína í Hof í vetur. Í kórnum eru 30 konur á aldrinum 17-27 ára.

Stjórnandi kórsins er Eyþór Ingi Jónsson.

### Kór Akureyrarkirkju

Kórinn hefur aldrei verið stærri og er hann nú skipaður 84 söngvurum á öllum aldri. Kórinn er áberandi við helgihaldið í kirkjunni. Sífellt aukin áhersla er lögð á tónleikahald. Kórinn kemur fram á fjölmörgum tónleikum í vetur. Starfsárið endar með tónleikaferð til Finnlands og Rússlands í byrjun júní 2012.

Til að fá nánari upplýsingar um kórastarfið má senda tölvupóst á netfangið [organistar@akirkja.is](mailto:organistar@akirkja.is)

**Orgel Akureyrarkirkju 50 ára**  
Síðasta sunnudag kirkjuársins, árið 1961, vígði Jakob Tryggvason, þáverandi organisti Akureyrarkirkju, nýtt og glæsilegt orgel kirkjunnar við hátíðlega athöfn.

Orgelið, sem var smíðað af þýsku verksmiðjunni Steinmeyer & Co, þótti afar hljómfagurt og var stærsta orgel landsins í yfir 3 áratugi. Árið 1995 var orgelið algjörlega endursmíðað af dönsku orgelsmiðunum P. Bruhn & Søn.

Í tilefni af 50 ára afmæli hljóðfærísins hefur Birni Steinari Sólbergssyni, fyrrverandi organista Akureyrarkirkju og jafnaldr orgelsins, verið boðið að halda hátíðartónleika í Akureyrarkirkju.

Þeir fara fram síðasta sunnudag kirkjuársins, 20. nóvember kl. 20.00. Aðgangur er ókeypis.





# Vel heppnuð ferð til Finnlands

Mikil eru þau gæði þegar íslensk ungmenni fá tækifæri til að kynna jafnöldrum sínum frá öðrum löndum, bakgrunni þeirra, menningu og lífsviðhorfum. Það er án nokkurs vafa dýrmætur skóli. F.I.E.G.E er einmitt góður og gefandi vettvangur til þess. F.I.E.G.E stendur fyrir Finland-Iceland-Estonia-Germany Exchange. Um er að ræða ungmennasamskipti, er hófust fyrst á milli Akureyrarkirkju og lúthersku kirkjunnar í Bochum og voru það kynni sóknarprestans í Akureyrarkirkju Svavars Alfreðs Jónssonar og Ortwin Pfláging klerks í Bochum, sem m.a. skópu þennan bjarta samskiptavettvang.

Fram til þessa hefur Evrópa unga fólksins („Youth in Action“ programme) styrkt umrætt verkefni. Á heimasíðu styrktaraðilans segir m.a. „Evrópa unga fólksins er íslenska heitið á Ungmennaaætlun Evrópusambandsins, Youth in Action, og er samstarfsverkefni ESB, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og UMFÍ. Áætlunin veitir styrki fyrir ungt fólk á aldrinum 13-30 ára. Á hverju ári veitir Evrópa unga fólksins á Íslandi um 1.000.000€ í styrki til góðra verkefna sem skipulögð eru af ungu fólki og/eða fyrir ungt fólk.“

## Ferðin gekk að óskum

Fimmtán ungmenni, sem öll eru virkir þátttakendur í Æskulýðsfélaga Akureyrarkirkju lögðu af stað frá kirkjunni sinni að kvöldi mánudagsins 25. júlí áleiðis til Finnlands. Sunna Dóra Möller æskulýðsstarfsmaður Akureyrarkirkju og Bolli Pétur Bollason sóknarprestur í Laufási fóru fyrir hópnum og báru ábyrgð á honum. Ferðin út gekk að óskum, rútuferð suður og flugferð til Helsinki fóru vel með ferðalanga, sem voru óvenju hressir þegar áfangastað var náð. Frá Helsinki var ekið í rútu til Lempianiemi, en þar eru búðir sem voru byggðar og eru reknar af lútherska söfnuðinum í Ylöjärvi, það er bær skammt frá borginni Tampere, en hún er sú næststærsta í Finnlandi á eftir Helsinki. Sól og 26 stiga hiti tók á móti okkur í búðunum í Lempianiemi, móttökurnar voru eins hlýjar. Þarna var ungt fólk frá fjórum löndum samankomið sjötíu að tölu. Yuhana Sihvo, einn af tíu prestum lútherska safnaðarins í Ylöjärvi tók á móti okkur, en hann hélt utan um verkefnið fyrir hönd finnsku kirkjunnar.

Í Lempianiemi voru stórir og góðir gistiskálar, matskáli þar sem hópurneytti ekki einvörðungu matar, heldur vann þar að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Á staðnum var að sjálfsögðu stöðuvatn og Sauna og voru það mjög vinsælar stundir þegar hópurneytti sér finnskt sauna og synt í svölu stöðuvatni í sterkri og heitri sólinni. Finnskar fjölskyldur



Íslenski hópurinn á góðum degi.

buðu heim til sín og hýstu hluta hópans nokkra daga. Þar fengu margir að kynna finnskum heimilum, finnskri gestrisni og fjölskyldustemmningu. Á sunnudegi var farið til kirkju í Ylöjärvi. Messan fór fram í fögru og tilkomumiklu guðshúsi. Yuhana Sihvo leiddi messuna, unga fólkið söng Guði lof og danshópur sýndi áhrifaríkan og vekjandi dans. Finnsku gestgjafarnir sinntu þjónustu við Orðið og íslensku fararstjórnarmir þjónuðu við borðið. Eftir messu var gengið til safnaðarheimilis, sem er að stórum hluta glænýtt. Í því má finna margar vistarverur.

## Margt merkilegt að sjá

Tampere er gömul iðnaðarborg í Finnlandi. Þangað var farið í skoðunar- og verslunarferð. Íslenski hópurinn kunnir vel við sig í verslunum, en einnig var margt annað merkilegt að sjá. Það gafst reyndar ekki tími til að

skoða Múmíndalinn, en ævintýri Tove Jansson um Múmínálfana er vel kynnt af Finnum. Þjóðgarðurinn Helvetinkolu var heimsóttur í ferðinni en þar var gist í tjöldum og grillaðar pylsur við opinn eld. Nafn þjóðgarðsins getur seint talist traustvekjandi, en að baki liggur þjóðsaga um klofið berg og skrattann sem einhverskonar skaðvald í því samhengi. Skrattinn hafði þó engin áhrif á þessa útilegu, sem var frískandi í einstöku umhverfi. Það má kannski segja að tjaldbúar hafi fremur óttast úlfa og birni. Slíkar skepnur eru reyndar sjaldséðar á umræddu svæði en samt ekki útilokað að þær gangi þar um. Lokakvöld fór fram í safnaðarheimilinu í Ylöjärvi, áður en haldið var af stað til Helsinki og þaðan heim. Þá kynntu Sunna Dóra og Bolli Pétur Ísland, en það tekur næst á móti hópnum. Þau bentu m.a. á ómengaða náttúru landsins, sem yrði óþrjótandi lind fyrir fræðslu og verkefni á næsta

ári. Mikil tilhlökkun ríkir hjá hópnum að sækja Ísland heim.

## Heillandi höfuðborg

Að morgni 3. ágúst var ekið til Helsinki. Í þessari heillandi höfuðborg var einum sólarhring eytt í margt það sem eflir andann og svalar forvitni. Gefinn var rúmur frítími til þess að anda að sér lifandi borgarmenningu. Þarna var hægt að skoða reisulega dómkirkju, sem gnæfði hátt yfir og fleiri háreistar kirkjubýggingar voru sem áttavitar fyrir borgarbúa. Ein er sú kirkja, sem vekur þó mesta athygli en lætur lítið yfir sér, það er klettakirkjan, kirkjuhús sem er byggt inn í klett. Það var stórbrotin reynsla að ganga inn í þetta guðshús og sálmurinn „Vér stöndum á bjargi, sem bifast ei má“ ómaði í höfði. Þá var jafnframt mjög áhugavert að sigla út í Suomenlinna, sem er virki erverndaði Helsinki í seinna stríði. Það er nú skráð á heimsminjaskrá UNESCO.

Þreyttir en reynsluríkir ferðalangar komu aftur til Íslands 4. ágúst. Unga fólkið úr Akureyrarkirkju höfðu nú fleiri sögur að segja og kunnu að meta móttökur, dagskrá og sérstaklega það að hitta félagar og vini, en mörg þessara ungmenna höfðu myndað vináttu í fyrri ferðum, sem farnar hafa verið á vegum F.I.E.G.E. Stuðningur sóknarnefndar Akureyrarkirkju og ýmissa fyrirtækja á Akureyri varð einnig til þess að ferðin varð að veruleika og fyrir það eiga þessir aðilar hugheilar þakkir skildar. Nú er að bretta upp ermar og undirbúa komu um 50 ungmenna frá Eistlandi, Finnlandi, og Þýskalandi til Íslands næsta sumar 2012. Guð blessi og vaki yfir þeim undirbúningi og því stóra verkefni.

Sunna Dóra Möller og Bolli Pétur Bollason.

# Bænaslökun og jóga

Jóga er upprunnið úr indverskri heimspeki og snýst í grunninn um að stuðla að jafnvægi milli líkama og sálar. Í veröld sem er á sífellu iði þarf manneskjan að eiga slíkt skjól. Jóga er leið til að staldra við og hlusta á líkama sinn og sál, í nútímasamfélagi hefur manneskjan misst vissa einbeitingu og eirð til að hlusta á líðan sína, andlega sem líkamlega.

Sjúkdómstíðni meðal ungs fólks er kannski dæmi um þetta, við leitum okkur hjálpar þegar vandinn er orðinn stór. Það sem kristin trú og jóga eiga sameiginlegt er að stuðla að sjálfsþekkingu en stærsta mein mannkyns er ef til vill skortur á sjálfsþekkingu og þess vegna öllum við oft með okkur neikvæðar tilfinningar í eigin garð og annara.

Í vetur taka Akureyrarkirkja og



Mynd: Svavar A. Jónsson.

Átak heilsurækt höndum saman og bjóða upp á bænaslökun og jóga í Akureyrarkirkju, iðkendur að kostnaðarlausu. Um er að ræða samfélagsverkefni þar sem þessar tvær heilbrigðisstofnanir gera það sem þær best kunna: að þjóna fólki. Leiðbein-

endur og umsjónarmenn eru Ulrika Seiler, dr. í kínverskum lækningum og jógakennari og séra Hildur Eir Bolladóttir. Bænaslökun og jóga er á þriðjudögum kl. 12.10 og fimmtudagskvöldum kl. 20.00 og verður fyrsta stundin fimmtudaginn 15. september.

Dýnur verða á staðnum og eini útbúnaður iðkenda eru lipur og þægileg föt. Ulrika leiðir jógaæfingar en Hildur Eir ber fram fyrirbæni við lok hverrar stundar og þá mega þátttakendur velja hvort þeir liggja áfram á sínum dýnum eða standa upp við altarið. Fyrirbæni má skrifa í þar til gerða bók sem verður í anddyri kirkjunnar við upphaf hvers tíma.

Við hlökkum til að sjá ykkur, Ulrika, Hildur Eir, Átak og Akureyrarkirkja.





# Barnakórastarfið farið af stað

Barnakórastarfið í kirkjunni er farið af stað af jafn miklum krafti og það endaði í vor. Síðasta starfsári lauk með glæsilegum tónleikum í kirkjulistaviku þar sem barnakórarinn, ásamt nemendum úr leiklistarskóla LA og hljómsveit, fluttu söngleikinn Líf og friður.

Margir nýir félagar hafa bæst í hópinn og framundan hjá kórnum í vetur er söngur við fjölskyldumessur, stutt ferðalag og æfingabúðir, aðventuhátíð, jólahelgileikur og fleira spennandi. Í kórnum er sungin fjölbreytt tónlist. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórastarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel.

Það er margt spennandi framundan og áhugasöm börn eru hvött til að koma og taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl.



Söngleikurinn Líf og friður á Kirkjulistaviku síðastliðin vor.

Mynd: Þórbjallur Jónsson.

16.00-17.00. Engin æfingagjöld eru tekin og enginn kostnaður fyrir þátttakendur. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Sigríður Hulda Arnardóttir hafa umsjón með kórastarfinu í vetur.

## Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Tónleikaröðin Sumartónleikar í Akureyrarkirkju gekk afar vel sl. sumar og voru tónleikagestir á tónleikunum 5 alls um 540, en það er nokkur fjölgun frá því í fyrra. Tónlistarmennirnir sem fram komu voru margir og fjölbreyttnin var mikil.

Hinn ungi og efnilegi orgelleikari, Kári Allansson, lék á fyrstu tónleikunum og á þeim næstu söng Kammerkór Norðurlands, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Á þeim þriðju fluttu Eyþór Ingi Jónsson og Hulda Björk Garðarsdóttir efnisskrá fyrir sópran og orgel og viku síðar komu Margrét Brynjarsdóttir og Gísli Jóhann Grétarsson frá norður Svíþjóð með óperuperlur í farteskinu, útsettar á frumlegan hátt af Gísli Jóhanni, fyrir mezzosópran og gítar. Tónleikaröð-

inni lauk svo um verslunarmannahelgina en þá fluttu Guðrún Ingimarsdóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir fjölbreytta efnisskrá fyrir sópran, fiðlu og píanó á glæsilegan hátt.

Afar ánægjulegt er að geta boðið

Norðlendingum og ferðamönnum upp á fallega og vel flutta tónlist endurgjaldslaut og viljum við koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila tónleikanna en það eru Akureyrarbær, hér- aðssjóður Eyjafjarðar- og Þingeyjar- prófastsdæmis, kirkjumálasjóður og

1862 Nordic Bistro. Án þeirra hefði ekki verið mögulegt að halda tónleikaröðinni áfram með sama sniði. Gestum tónleikanna þökkum við kærlega fyrir komuna, vonum að þeir hafi notið tónlistarinnar og vonumst til að sjá sem flesta á sumartónleikum árið 2012.

## Tónlistarnámskeiðið Krílasálmar

Þann 16. september hefst tónlistarnámskeið í Akureyrarkirkju sem ber heitið Krílasálmar. Námskeiðið er ætlað foreldrum 3-12 mánaða ungbarna og markmiðið er að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra.

Kennd eru ýmis lög og leikir og lögð áhersla á tengsl snertingar, söngs

og hreyfingar. Raddir foreldranna eru þær fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns. Einkum er notast við tónlist kirkjunnar, þekkt barnalög, leiki og þulur en

einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri.

Námskeiðið er tvisvar í viku, 45 mínútur í senn, á mánudögum og á föstudögum kl. 10:30 og er þátttökugjald kr. 3000 fyrir sex skipti. Skráning og nánari upplýsingar veitir Sigrún Magna í síma 820 7447, einnig má senda tölvupóst á netfangið [sigrun@akirkja.is](mailto:sigrun@akirkja.is)

## Samhygð – samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989 af hópi fólks sem hafði kynnst sambærilegum félagsskap í Reykjavík og fann að það var mikil þörf fyrir svona sjálfshjálparhópa á landsbyggðinni.

Frá upphafi voru fundir haldnir hálfmánaðarlega allt árið í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Á veturna var reynt að vera með fyrirlestur í hverjum mánuði um hin ýmsu efni. Nú starfar félagið einu sinni í mánuði frá september til maí og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi 6 til 7 sinnum yfir starfsárið. Markmið samtakanna

er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgar-áfall er upp koma í lífinu, hvort heldur það er ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað.

Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú lítið glaður fram á veginn. Fundir Samhygðar eru í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni.

Opið hús/fundirnir byrja kl. 20.00 og eru auglýstir í Dagskránni daginn áður.

Stjórn Samhygðar veturinn 2011-2012 eru:

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir, formaður, sími 462 6965 og 847 4250, netfang [kittyes@simnet.is](mailto:kittyes@simnet.is), Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri, Annetta Maria Norbertsdóttir, Haraldur Bjarnason. Varastjórn: Ólöf Tryggvadóttir.

Veffang Samhygðar: [www.kirkjan.is/ejyafjardarprofastsdaemi](http://www.kirkjan.is/ejyafjardarprofastsdaemi)

Opið hús/fundir vetrarins 2011-2012

8. september, opið hús spjall og kaffi.  
13. október, Karl Reynir Einarsson, geðlæknir með erindi.

10. nóvember, auglýst síðar.

8. desember, sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, með erindi.

12. janúar, innlegg fundarins „Að horfa fram á við eftir nýliðna hátíð“, opið hús spjall og kaffi.

9. febrúar, Bryndís Símonardóttir, fjölskylduráðgjafi með erindi.

8. mars, auglýst síðar.

12. apríl, auglýst síðar.

10. maí, opið hús spjall og kaffi.

Allir velkomnir á fundi. Engin félagsgjöld en öllum velkomnið að styrkja félagið með fjárframlögum á reikning 0162-26-003607, kt. 640191-2289.





Rúmlega 30 börn tóku þátt og unnu að ýmsum skemmtilegum verkefnum.

## Sumardvöl 10-12 ára barna á Vestmannsvatni

Akureyrarkirkja stóð fyrir sumardvöl fyrir 10-12 ára börn á Vestmannsvatni í júní síðastliðnum. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur og Gylfa Jónsson á Möðruvöllum og sr. Bolla Pétur Bollason í Laufási. Bryndís Baldursdóttir stóð vaktina í eldhúsinu með miklum sóma og framreiddi ljúfenga rétti ofan í mannskapinn á meðan dvöl stóð.

Það voru rúmlega 30 börn sem tóku þátt og unnu að ýmsum verkefnum sem tengjast sérstaklega umhverfi Vestmannsvatns. Við fengum góða gesti í heimsókn, þau Pétur Björgvin Þor-

steinsson djákna í Glerárkirkju og sr. Sólveigu Höllu Kristjánsdóttur. Dvölinni lauk svo með fjölskylduguðsþjónustu í Grenjaðarstaðarkirkju.

Barna- og æskulýðsstarf Akureyrarkirkju hefur verið svo lánsamt að njóta stuðnings úr styrktarsjóði Samherja og er það meðal annars þeim góða stuðningi að þakka að hægt er að hafa dvöl eins og þessa fyrir börn á þessum aldri. Erum við afar þakklát fyrir það og fyrir gott samstarf milli kirkna hér á svæðinu sem er gulls ígildi og stór hluti þess hversu vel tókst til að þessu sinni.

## Barna- og æskulýðsstarf í Akureyrarkirkju

**Kirkjukrakkar:** Er kirkjustarf fyrir 6-9 ára börn. Starfið fer fram á miðvikudögum kl. 15.00-16.00 í Safnaðarheimili kirkjunnar. Starfið er lifandi og skemmtilegt. Farið er í leiki, föntrað og kenndar biblíusögur og bænir. Fyrsta stund starfsins verður miðvikudaginn 14. september.

**TTT-starf:** TTT-starfið er kirkjustarf fyrir 10-12 ára börn. Stundirnar eru á miðvikudögum kl. 17.00-18.00 í Safnaðarheimili kirkjunnar. Samverurnar byggjast upp af fræðslu, leikjum og fleiru skemmtilegu sem við finnum upp á að gera saman. Einnig verður farið á TTT-mót á Ólafsfirði í byrjun nóvember.

**Leikfélagið Adrenalín:** Um er að ræða nýtt verkefni sem farið verður af stað með í vetur. Leikfélagið Adrenalín er starf fyrir ungmenni í 8. bekk. Í vetur verður starfið með þeim hætti að settur verður upp söngleikur í samstarfi við lífsleiknikennslu grunnskólanna og Leikfélags Akureyrar. Söngleikurinn verður sýndur á sviði LA á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar þann 4. mars 2012. Í svona verkefni ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem að áhugasviðið er

tónlist, leiklist, söngur, búningahönnun, förðun eða auglýsingagerð. Adrenalínstarfið er á fimmtudögum kl. 17.30-19.30 í Rósenborg.

**Æskulýðsfélagið ÆFAK:** Æskulýðsfélagið ÆFAK er elsta starfandi æskulýðsfélag á landinu. Samverunarnar eru í Safnaðarheimili kirkjunnar á miðvikudagskvöldum kl. 20.00. Þetta starf er fyrir ungmenni í 9. bekk og eldri. Í æskulýðsfélaginu komum við saman og leikum okkur, spjöllum um lífið og tilveruna, vinnum að áhugasverðum verkefnum og förum á æskulýðsmót í lok febrúar 2012.

**Sunnudagaskólinn:** Sunnudagaskóli Akureyrarkirkju er alla sunnudaga yfir veturinn í Safnaðarheimili kirkjunnar kl. 11.00. Þriðja sunnudag í hverjum mánuði er svo fjölskyldumessa og þá er sunnudagaskólinn hluti af þeirri messu og fer stundin fram í kirkjunni.

Frekari upplýsingar um starfið má finna á [www.akirkja.is](http://www.akirkja.is) og einnig er hægt að hafa samband við Sunnu Dóru Möller, æskulýðsfulltrúa í síma 462 7700 eða 694 2805 og á netfanginu: [sunnadora@akirkja.is](mailto:sunnadora@akirkja.is)

## Starfið í Akureyrarkirkju næstu vikurnar

### September

#### Sunnudagurinn 18. september

Upphaf vetrarstarfs í Akureyrarkirkju. Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Léttar veitingar og kynning á vetrarstarfinu í Safnaðarheimilinu strax á eftir.

Kántrýmessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 20. september

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur I, Brekkuskóli.

#### Sunnudagurinn 25. september

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 27. september

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur II, Lundarskóli.

### Október

#### Sunnudagurinn 2. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

#### Þriðjudagurinn 4. október

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

#### Fimmtudagurinn 6. október

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

#### Sunnudagurinn 9. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

#### Þriðjudagurinn 11. október

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur I, Brekkuskóli.

#### Sunnudagurinn 16. október

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 18. október

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur II, Lundarskóli.

#### Sunnudagurinn 23. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

#### Þriðjudagurinn 25. október

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

#### Sunnudagurinn 30. október,

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

### Nóvember

#### Þriðjudagurinn 1. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur I, Brekkuskóli.

#### Fimmtudagurinn 3. nóvember

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

#### Sunnudagurinn 6. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

#### Þriðjudagurinn 8. nóvember

Söfnun fyrir hjálparstarf kirkjunnar, öll fermingarbörn mæta þennan dag.

#### Sunnudagurinn 13. nóvember

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Messa á Kjarnalundi kl. 14:00

Messa á Hlíð kl. 15:30

Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 15. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30.

Hópur II, Lundarskóli.

#### Sunnudagurinn 20. nóvember,

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Fjáröflunardagur Kvenfélags Akureyrarkirkju.

Hátíðartónleikar Björns Steinars í tilefni vígsluafmælis pípuorgelsins í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 22. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.

Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli

#### Sunnudagurinn 27. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Adventuhátíð í Akureyrarkirkju kl. 11:00

### Fastir liðir

#### Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

#### Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Benaslökum og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.

Æfing Kammerkórsins Ísaldar í Hofi kl. 16:00-17:00.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

#### Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 9:30-11:30.

Kirkjukrakkar í kapellu

kl. 15:00-16:00.

TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

#### Fimmtudagar:

Kyrndar- og fyrirbrenastund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina..

Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.

Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlkakórsins í Akureyrarkirkju kl. 16:00-17:00.

Leikfélagið Adrenalín í Rósenborg kl. 17:30-19:30.

Benaslökum og jóga í Akureyrarkirkju kl. 20:00.